

95 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorsteins J. Hall-
12. maí dórssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 12. maí
1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorsteins J. Halldórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorsteins J. Halldórssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þorstein Jakob Halldórsson frá Brekku í Svarfaðardal, fæddan 31. ágúst 1921, stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 17. júní 1943, dáinn 19. júlí sama ár. Stofnendur sjóðsins eru foreldrar Þorsteins, Þórlaug Oddsdóttir og Halldór Kr. Jónsson að Brekku í Svarfaðardal, og samstúdentar hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3375.00, þar af kr. 1000.00 frá foreldrum Þorsteins.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal leggja vexti óskerta, gjafir og tekjur þær, sem sjóðnum kann að berast, samkvæmt 6. gr. þessarar skipulagsskrár, við höfuðstólinn, unz hann nemur 10000 — tíu þúsund — krónum. Eftir það skal verja allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxta til verðlauna samkv. 7. gr. skipulagsskrár þessarar. Eftirstöðvar vaxtanna skal leggja við höfuðstólinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, skólameistari og tveir kennarar við lærdómsdeild Menntaskólans á Akureyri. Er skólameistari sjálfkjörinn formaður stjórnar sjóðsins, en meðstjórnendur skulu kosnir á almennum kennarafundi til eins árs í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans, og skal skrá í sérstaka bók allt, er varðar starfsemi sjóðsins og ársreikninga hans. Skal hún hlutast til um, að sjóðurinn ávaxtist í vel seljanlegum verðbréfum eða á annan trygga hátt.

Stjórn sjóðsins skal sjá um, að gerð séu minningarspjöld, sem séu fyrir hendi á hentugum stöðum fyrir þá, er styrkja vilja sjóðinn með minningargjöfum.

7. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 10000.00, skal verja árlega $\frac{3}{4}$ af vöxtum hans til að verðlauna þann nemanda í 6. bekk Menntaskólans á Akureyri, sem skarað hefur fram úr um nám eða íþróttir.

8. gr.

Úthlutun verðlauna samkv. 7. gr. annast kennarar 6. bekkjar, og skal hún fara fram, þá er þeir dimittera.

9. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta í skýrslu skólans ár hvert.

95

12. maí

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

HAFNARREGLUGERÐ

96

13. maí

fyrir Kaldrananes við Bjarnarfjörð í Strandasýslu.

I. KAFLI

Takmörkun hafnarsvæðisins.

1. gr.

Hafnarsvæðið er Bjarnarfjörður innan línu, sem hugsast dregin úr Neshöfða á Kaldrananesi þvert yfir Bjarnarfjörðinn móts við Reykjarvík, en land hafnarinnar afmarkast í Hörsey, frá vörðu hlaðinni á eyjunni, að norðanverðri miðri ey, og beinni sjónhendingu í syðri enda frystihússins, sem H/f Ísborg hefur reist í höfðanum, meðfram sjó eyjarinnar bein lína að sunnan og norðan 185 m lengd. Þetta landsvæði þvert yfir eyjuna innan þessarar afmörkuðu línu, er land, sem höfnin hefur til umráða, enn fremur land undir uppfyllingu milli lands og Hörs-eyjar, sem höfnin þarf með. Þá og land undir bryggju í höfðanum og umhverfis að þjóðvegi. Enn fremur heimilast höfninni réttindi til að taka og leiða vatn þaðan, sem tiltækilegast þykir fyrir höfnina að taka það, að dómi verkfróðra manna.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Kaldrananes-hrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd (lendingarbótanefnd) og jafnmarga til vara, og ákveða formann nefndarinnar. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkv. reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum eða föstum launum, sem um semur, sér um viðhald og endurbætur hafnar og lendingarbóta og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins, svo og öllum skuldbindingum sjóðsins.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu á hafnarsvæðinu og mannvirkjum þess, og er öllum, er hlut eiga að máli, skilt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust. En geta síðan, ef þeim finnst sér óréttur ger, skotið máli sínu til lögreglustjóra.

4. gr.

Óheimilt er skipum eða bátum að kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, sem valdið geti skemmdum á hafnarsvæðinu.